



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa október 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 11. október 2005

Sameiningarkosningar sem fram fóru 8. október sl. voru samþykktar í Skeggjastaðahreppi (34-18, 61% kjörsókn) en felldar í Vopnafjarðahreppi (160-90, 48% kjörsókn).

Félagsstarf aldraðra, ákveðið var að hrinda af stað félagsstarfi sem fram á að fara hálfmánaðarlega í húsnæði skólans á mánudögum kl. 13.30.

Endurskoðuð fjárhagáætlun 2005. Liður 11, umhverfismál, fegrun bæjarins, hækkar um 682.000 kr.

Farið var yfir frumgögn fjárhagsáætlunar 2006.

Framkvæmdir við höfnina, byrjað er að vinna við frágang við höfnina. Farið var yfir kostnað við lýsingu á löndunarbyggju. Búið er að panta 2 ljósastaura á löndunarbyggju. Þeir kosta um 200.000 kr. auk vsk. einnig er búið að ganga frá pöntun á 2 tengistaurum á flotbyggju sem munu kosta um um 260.000 kr auk vsk.

Fundað var með Halldór (frá Teikn á Lofti) og farið yfir gang mála í höfninni. Komin eru drög að útliti og frágangi hafnarinnar. Ákveðið var að Halldór geri kostnaðaráætlun fyrir verkið sem lögð verði fyrir næsta fund samkvæmt fyrri drögum.

Bréf barst frá Umhverfisstofnun Fljótdalshéraðs vegna úttektar á urðunarmálum, Skeggjastaðahreppur fól þeim málið.

Lokatillaga Fjallskilsamþykktar Norður-Múlasýslu barst og verður farið yfir hana og hún tekin fyrir á næsta fundi,

Almennar umræður um framkvæmdir og fleira.

Fundur 31. október 2005

Fundur verður með þingmönnum kjördæmisins þann 1. nóvember nk. á Þórshöfn. Búið var til vinnublað með áherslum hreppsnefndarinnar sem dreift verður til þingmannanna.